

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðis 2001-2024, Leirvogstunga, Mosfellsbæ.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 30. janúar 2006 staðfest breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðis 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að 52 ha landbúnaðar-/dreifbýlissvæði vestan Vesturlandsvegar í Leirvogstungulandi breytist í íbúðarsvæði. Einnig breytist áætlun svæðisskipulagsins um fjölda íbúða á byggðasvæðum þannig að gert er ráð fyrir 400 fleiri íbúðum í Mosfellsbæ.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 30. janúar 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 1. febrúar 2006